

1905

Fimmtudaginn 12. júní 1997.

Nr. 216/1996.

**Valdimar Sveinsson**

(Þorsteinn Júlíusson hrl.)

gegn

**Samskipum hf.**

(Tryggvi Gunnarsson hrl.)

Sjómenn. Ráðningarsamningur. Uppsögn. Kjarasamningur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. júní 1996 og krefst greiðslu á 665.191 krónu ásamt dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 af nánar tilgreindum fjárhæðum frá 31. mars 1994 svo og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms, en til vara, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða áfrýjanda 63.602 krónur. Til þrautavara krefst stefndi þess, að hann verði einungis dæmdur til að greiða 237.960 krónur. Loks krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

#### I.

Svo sem greinir í héraðsdómi, var áfrýjandi matreiðslumaður á farmflutningaskipi, sem var í förum fyrir stefnda. Eigi er ágreiningur um, að áfrýjandi var lögskráður úr skiprúmi 3. mars 1994 vegna siglingaleyfis, sem hann hafði fengið vegna veikinda. Í skýrslu áfrýjanda fyrir dómi kom fram, að þegar upp komst daginn eftir, að hann og fjórir aðrir skipverjar áttu smyglvarning í skipinu, hefði starfsmannastjóri stefnda óskað eftir því, að hann færi næstu ferð skipsins. Kvaðst áfrýjandi hafa afþakkað það boð vegna þess, að hann hefði sökum veikinda ekki treyst sér til að fara þá ferð. Starfsmannastjórinn greindi frá fyrir dómi, að hann hefði farið fram á, að áfrýjandi og tveir aðrir skipverjar, sem segja hafi átt upp störfum vegna tollalagabrotsins, héldu áfram störfum á skipinu eina eða tvær ferðir, meðan verið væri að útvega menn í stað þeirra. Sagði starfsmannastjórinn, að áfrýjandi hefði hafnað tilmælum sínum um

þetta. Jafnframt kvað hann áfrýjanda hafa tjáð sér, að hann væri hættur störfum hjá stefnda og ráðinn í aðra vinnu.

Ekki nýtur við annarra gagna um, hvað áfrýjanda og starfsmannastjóranum fór á milli í þetta sinn. Áfrýjandi kvaðst hafa farið til starfsmannastjóra stefnda á skrifstofu hans um miðjan mars 1994 og átt tal við hann. Ber áfrýjandi, að þá hafi starfsmannastjórinn sagt sér upp munnlega. Uppsagnarbréf var svo ritað 18. mars, og er meginefni þess rakið í héraðsdómi.

Stefndi hefur ekki sannað, að áfrýjandi hafi sjálfur slitið ráðningarsamningi málsaðila. Ætla verður af gögnum málsins, að áfrýjanda hafi mátt vera ljóst, að honum kynni að verða vikið úr skiprúmi vegna framangreinds brots á tollalögum. Hins vegar hefur stefndi ekki leitt í ljós, að áfrýjanda hafi verið tjáð með skýrum hætti, að ráðningarsamningi væri slitið, þegar áfrýjandi hafnaði framangreindum tilmælum um að vera áfram í skiprúmi, þar til annar maður myndist í hans stað. Verður að telja ósannað gegn andmælum áfrýjanda, að honum hafi verið vikið úr skiprúmi fyrr en 18. mars 1994. Þá voru liðnar tvær vikur, frá því að upp komst, að áfrýjandi átti þátt í að leyna tollskyldum varningi um borð í skipi stefnda. Var þannig liðinn sá frestur, sem skipstjóri eða útgerðarmaður hefur samkvæmt 2. mgr. 24. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 til að skýra skipverja frá því, að honum sé vikið úr skiprúmi af ástæðum, sem greindar eru í 1. mgr. 24. gr., sbr. einkum 6. tölulið þeirrar málsgreinar. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að í þessu tilviki séu sérstakar ástæður, sem réttlæti lengri frest en mælt er fyrir um í 2. mgr. 24. gr. Verður uppsögn ráðningarsamningsins þess vegna talin ólögmat.

## II.

Áfrýjanda barst uppsagnarbréf stefnda eftir miðjan mars 1994. Ósannað er, að hann hafi haft uppi kröfur vegna ráðningarslitanna fyrr en 25. júlí 1994, er lögmaður hans ritaði stefnda kröfubréf. Þessi dráttur verður ekki talinn svo mikill, að rök séu til að líta svo á, að áfrýjandi hafi með tómlæti fyrirgert rétti sínum til að krefjast bóta vegna vanefnda stefnda. Þykir áfrýjandi samkvæmt framangreindu eiga rétt til launa úr hendi stefnda eftir 1. mgr. 25. gr., sbr. 9. gr. sjómannalaga.

## III.

Uppsagnarfrestur á skiprúmssamningi yfirmanns er þrjú mánuðir samkvæmt 2. mgr. 9. gr. sjómannalaga, en annarra skipverja farskipa einn mánuður, sbr. 1. mgr. 9. gr. Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. sömu laga teljast þessir vera yfirmenn: stýrimenn, vélstjórar, loftskeytamenn og brytar svo og aðrir skipverjar, sem skipstjóri eða útgerðarmaður ræður til sambærilegra eða sérhæfðra starfa. Áfrýjandi, sem var, eins og fyrr segir, matreiðslumaður á skipi stefnda, heldur því fram, að uppsagnarfrestur eftir skiprúmssamningi sínum hafi verið þrjú mánuðir, þar sem starf matreiðslumanns sé sérhæft og sambærilegt starfi bryta. Eftir gögnum málsins var enginn bryti á skipinu. Ekki er leitt í ljós, að starfi matreiðslumanns á skipum, þar sem enginn bryti vinnur, verði jafnað til stöðu bryta. Eru því ekki efni til annars en skýra nefnt ákvæði 2. mgr. 5. gr. sjómannalaga að þessu leyti eftir orðanna hljóðan. Þann skýringarkost styður einnig, að eftir kjarasamningi Félags matreiðslumanna við samtök vinnuveitenda er uppsagnarfrestur matreiðslumanna einn mánuður.

## IV.

Í grein 16.3 kjarasamningsins segir, að uppsagnarfrestur matreiðslumanna miðist við mánaðamót. Samkvæmt því og með vísun til 1. mgr. 25. gr., sbr. 1. mgr. 9. gr. sjómannalaga, ber stefnda að greiða áfrýjanda laun frá 4. mars til 30. apríl 1994.

Stefndi gerir fyrir Hæstarétti sömu kröfur til vara og þrautavara og hann hafði uppi í héraði. Þrautavarakrafa hans, að fjárhæð 237.960 krónur, vegna tímabilsins frá 4. mars til 30. apríl 1994 er hærri en krafa áfrýjanda um greiðslur fyrir sama tímabil, en hún nemur 202.242 krónum. Fyrir Hæstarétti var lýst yfir því af hálfu stefnda, að hann teldi fjárhæð þrautavarakröfunnar rétta. Framan­greind fjárhæð rúmast innan kröfugerðar áfrýjanda. Verður hún lögð til grundvallar dómi í málinu og stefnda gert að greiða áfrýjanda 237.960 krónur ásamt dráttarvöxtum, svo sem greinir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda máls­kostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir.

## D ó m s o r ð:

Stefndi, Samskip hf., greiði áfrýjanda, Valdimar Sveinssyni, 237.960 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. maí 1994 til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals 175.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 13. mars 1996.**

Mál þetta, sem dómtekið var 16. febrúar sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Valdimar Sveinssyni, kt. 050763-4719, Vegghömrum 11, Reykjavík, á hendur Samskipum hf., kt. 440986-1539, Holtabakka v/Holtaveg, Reykjavík, með stefnu, birtri 14. mars 1995.

Dómkröfur stefnanda eru, að hið stefnda hlutafélag verði dæmt til að greiða stefnanda 665.191 krónu ásamt dráttarvöxtum [...].

Endanlegar dómkröfur stefnda eru aðallega, að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda, til vara, að stefndi greiði stefnanda 63.602 krónur, og til þrautavara, að stefndi greiði stefnanda 237.960 krónur. Ef fallist verði á varakröfu eða þrautavarakröfu stefnda, krefst stefndi, að dráttarvextir reiknist ekki fyrir en frá 18. september 1994, þ. e. mánuði eftir, að krafa stefnanda var fyrst sett fram og skilgreind af Félagi matreiðslumanna. Þá gerir stefndi kröfu um, að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að skaðlausu.

## I.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo:

Stefnandi starfaði sem matreiðslumaður hjá stefnda. Að morgni jóladags árið 1993 vaknaði stefnandi upp með heiftarlega verki í brjósti vinstra megin, sem leiddi upp í háls og út í vinstra handlegg. Nóttina áður hafði verið mikill veltingur, og hafði stefnandi þurft að skorða sig af í koju. Þegar í land kom 30. 12. 1993, leitaði stefnandi strax lækninga og var af lækni skipað að taka sér frí frá störfum í tvær til þrjár vikur og hefja sjúkraþjálfun. Fór stefnandi þá með sjúkravottorð til stefnda. Síðari hluta janúarmánaðar 1994 fór stefnandi aftur til starfa hjá stefnda, þrátt fyrir það að hann væri hvergi nærri góður af meiðslum sínum.

Siglingafyrirkomulag áhafnar á skipi því, sem stefnandi starfaði á hjá stefnda, var þannig, að siglt var þrjá túra og síðan einn frí. Stefnandi fór inn í það fyrirkomulag, er hann hóf störf aftur í lok janúar 1994, fór þrjá túra og tók svo einn frí. Jafnframt þessu fór hann í sjúkraþjálfun, þegar hann var í landi. Eftir frítúrinn fór stefnandi aftur til sjós þrjá túra og að loknum

Þriðja tús átti hann frí einn tús, sem hann hugðist nota til sjúkraþjálfunar. Það siglingafrí hófst á fimmtudegi 4. mars 1993 (fimmtud. 3. mars 1994, – innsk. dómsins). Föstudaginn 5. mars 1993 (föstud. 4. mars 1994, – innsk. dómsins) fannst smyglvarningur um borð í skipinu, sem stefnandi gekkst við að eiga. Þrátt fyrir það er hann . . . beðinn af útgerðinni að hætta við fríð og sigla fjórða túsinn. Stefnandi, sem var þá slæmur af verkjum sínum, taldi sér ekki fært að sleppa sjúkraþjálfun og það undan því að sigla, enda átti hann, hvort eð væri, siglingafrí. – Hinn 18. mars 1994 fær stefnandi uppsagnarbréf, þar sem honum er tilkynnt, að honum hafi verið sagt upp „vegna alvarlegra brota í starfi við ólöglegan innflutning á áfengi og tóbaki og óþæginda og kostnaðar fyrirtækisins vegna þessa . . .“, og hafi hann fyrirgert rétti sínum hjá félaginu. Þá segir í uppsagnarbréfi, sem barst ekki, eins og fyrr sagði, fyrr en 18. mars, að uppsögn hafi tekið gildi 5. mars 1994. Stefnandi fór strax með læknisvottorð til stefnda og mótmælti uppsögn þessari. Stefnandi var tilbúinn að vinna uppsagnarfrestinn, en vinnuframlags hans var ekki óskað.

Málsatvik telur stefndi vera þau, að stefnanda hafi verið vikið úr starfi sínu sem matreiðslumanni á skipum hjá stefnda vegna ólöglegs innflutnings á verulegu magni af áfengi og tóbaki í byrjun mars 1994. Við komu skipsins til Reykjavíkur hafi fundist verulegt magn af smyglvarningi. Hafi eigendur smyglvarningsins reynt vera stefnandi og fjórir aðrir skipverjar. Starfsmannastjóri stefnda hafi farið um borð í ms. Uranus, skipið, sem hér um ræðir, síðari hluta fimmtudags 3. mars, þegar borist höfðu fregnir frá tollgæslunni um það, hverjir gengist hefðu við því að eiga smyglvarninginn, sem fannst um borð í skipinu. Hafi starfsmannastjórinn rétt við stefnanda, sem hafi gert sér fulla grein fyrir því, að hann hefði með þessu athæfi sínu fyrirgert rétti sínum til framhalds starfs hjá útgerðinni. Þar sem skipið hafi átt að fara um kvöldið til útlanda, hafi starfsmannastjórinn boðið stefnanda að fara næstu ferð á skipinu og láta svo af störfum hjá stefnda í lok þeirrar ferðar. Hafi stefnandi ekki getað svarað þessu á staðnum, en lofað að láta starfsmannastjóran vita innan skamms. Þegar starfsmannastjóran hafi farið að lengja eftir svari, hafi hann hringt heim til stefnanda um kl. 19.30 og stefnandi svarað og sagst vera hættur hjá fyrirtækinu; hefði hann flutt sig í land, enda byðist sér starf, sem hann gæti hafið næstkomandi mánudag.

Stefnandi heldur því fram, að sér hafi ekki verið vikið úr skiprúmi á þann hátt, sem 2. mgr. 24. gr. sjómannaálag nr. 35/1985 gerir ráð fyrir, heldur hafi verið lagt að sér að sigla, enda þótt útgerðaraðila væri kunnugt um, að tollgæslan hefði uppgötvað smyglvarning í eigu stefnanda í skipinu. Hann vísar enn fremur til þess, að sér hafi ekki fyrr en með bréfi 18. mars

1994 verið sagt upp störfum hjá hinu stefnda félagi. Hann eigi því rétt til launa á uppsagnarfresti, en uppsagnarfrestur á skiprúmssamningi sínum hafi verið þrjár mánuðir, sbr. 2. mgr. 9. gr. sjómanna laga. Þar sem hann var eini matreiðslumaðurinn um borð, en enginn bryti hafi verið, hafi hann því verið yfirmaður í skilningi 2. mgr. 5. gr. sömu laga. Þá kallar hann almenna reglu vinnuréttarins vera, að uppsögn skuli vera skrifleg og miðast við mánaðamót, og sé reglan staðfest í 6. mgr. 1. gr. laga um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla nr. 19/1979. Kröfu um dráttarvexti og vaxtavexti kveðst hann reisa á III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 og kröfu um málskostnað á 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, en kröfu um orlofsgreiðslur á lögum um orlof nr. 30/1987. Kröfu um virðisauka kveðst hann reisa á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína á eftirfarandi hátt:

Laun í mars 1994	kr.	88.974
Laun í apríl 1994 (uppsagnarfrestur)	–	113.268
Laun í maí 1994 (uppsagnarfrestur)	–	204.467
Laun í júní (uppsagnarfrestur)	–	189.599
	Samtals	kr. 596.308
Orlof 10,17%	–	60.645
Sjúkra- og styrktarsjóður 1%	–	6.645(?)
Orlofsheimilásjóður 0,25%	–	1.642
	Alls	kr. 665.191(?)

Stefnandi mótmælir því að hafa sýnt tómlæti við að innheimta kröfu sína á stefnda. Sér hafi fyrst orðið ljóst 15. mars 1994, þegar skipið Uranus kom aftur til Reykjavíkur, að sér væri ekki lengur ætlað skiprúm um borð, og hafi hann þá þegar haft uppi mótmæli og leitað aðstoðar stéttarfélags síns, Félags matreiðslumanna, í því sambandi. Lögmaður sinn hafi síðan með bréfi til stefnda 25. júlí 1994 haft uppi kröfu um full laun handa stefnanda í uppsagnarfresti.

### III.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnandi hafi fengið greidd laun í samræmi við sjómanna lög og kjarasamninga vegna starfs síns hjá stefnda. Stefnandi hafi hins vegar vísitandi brotið gegn 24. gr., sbr. 67. gr., sjómanna laga, með því að leyndu í skipinu áfengi og tóbaki og flytja þannig ólöglega til landsins. Með því móti hafi hann raunar sjálfur svipt sig starfi og rétti til launa skv. 3. mgr. 24. gr. sjómanna laga. Þá er staðhæft af hálfu

stefnda, að starfsmannastjóri stefnda hafi sagt stefnanda munnlega upp starfi, þegar uppvíst var orðið um smyglið, enda þótt á sama tíma hafi hann farið þess á leit við stefnanda, að hann sigldi a. m. k. einn túr enn á ms. Uranusi, sem er þýskt skip og var í förum fyrir útgerð stefnda, Samskip hf., á þessum tíma, þar sem ekki var völ á öðrum með stuttum fyrirvara með þýska sjóferðabók, eins og þurfti í þessu tilviki, til að áhöfnin væri lögleg. Fullyrt er, að stefnandi hafi hafnað þessu boði með þeim orðum, að hann væri hættur hjá fyrirtækinu.

Ekki er fallist á þær málsástæður, að sýkna beri stefnda á grundvelli þess, að honum hafi verið heimilt að leysa stefnanda fyrirvalaust frá störfum, vegna þess að stefnandi smyglaði inn í landið með ms. Uranusi í síðustu ferð sinni með skipinu samkvæmt eigin játningu 72 lítrum af 75% vodka, 12 lítrum af viskí, 14 lítrum af Smirnoff-vodka og 25 kartonum af vindlingum. Þá verði stefndi sýknaður vegna tómlætis stefnanda, en stefnandi hafi tekið við launum athugasemdalaust og ekki hreyft athugasemdum fyrr en löngu eftir, að hann hætti störfum hjá stefnda.

Fallist dómurinn ekki á sýknaástæður stefnda, gerir hann til vara kröfu um, að sér verði aðeins gert að greiða stefnanda 63.602 krónur, þ. e. laun fyrir tímabilið frá 4. mars til 18. mars 1994, þegar stefnandi fékk skriflega uppsögn. Til þrautavara gerir hann þá kröfu, að sér verði einungis gert að greiða stefnanda 237.960 krónur, þ. e. laun fyrir tímabilið 4. mars til 30. apríl 1994.

Stefndi kveðst styðja aðalkröfu sína um sýknu við 24., 27. og 67. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, en varakröfu við 5. og 9. gr. sömu laga. Kröfu um málskostnað kveðst hann styðja við 129., sbr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

#### IV.

Stefnandi kom fyrir rétt og kvaðst ekki hafa fengið vitneskju um, að sér væri vikið úr skiprúmi, fyrr en munnlega á skrifstofu stefnda 15. mars 1994 og síðan með bréfi, dags. 18. sama mánaðar, en í bréfinu segir m. a.: „Vegna alvarlegra brota í starfi við ólöglegan innflutning á áfengi og tóbaki og óþæginda og kostnaðar fyrirtækisins vegna þess hefur þú fyrirgert öllum rétti þínum hjá félaginu, og er þér því sagt upp störfum, og tók það gildi 5. mars síðastliðinn.“

Í 2. mgr. 24. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 segir: „Ef skipstjóri vill víkja skipverja úr skiprúmi skv. 3.–7. tl. 1. mgr., skal hann skýra skipverja frá því hið fyrsta og eigi síðar en 7 dögum eftir, að hann fékk vitneskju um þau atvik, sem brottvikning byggist á, nema sérstakar ástæður réttlæti lengri frest.“

Stefndi hefur ekki bent á neina haldbæra ástæðu fyrir því, að stefnanda var ekki með óumdeildum hætti skýrt frá því, að honum væri vikið úr skip-rúmi, vegna þess að hann hefði leynt tollskyldum varningi í skipi í þjónustu stefnda, innan sjö daga, eftir að stefnda var kunnugt um smyglið, en toll-gæslan hafði sagt stefnda frá þessu 3. mars 1995, svo sem starfsmannstjóri stefnda skýrði frá fyrir rétti. Að þessu leyti hafði stefndi því fyrirgert rétti sínum til að víkja stefnanda úr starfi án þess að greiða honum kaup lengur en hann gegndi starfi hjá útgerðinni skv. 1. ml. 3. mgr. 24. gr. sjómannalaga í lok 10. mars, því að ekki verður gegn andmælum stefnanda talið sannað, að stefndi hafi skýrt stefnanda frá þeirri ætlun sinni að víkja honum úr skip-rúmi á grundvelli ákv. 6. tl. 1. mgr. 24. gr. sjómannalaga fyrr en 15. mars 1994. Hins vegar verður ekki ráðið með óyggjandi hætti af framburði aðila eða gögnum málsins, að stefnandi hafi leitað réttar síns í þessu sambandi á hendur stefnda fyrr en með bréfi lögmanns hans 25. júlí 1994, þ. e. rúmunum fjórum mánuðum síðar. Verður að telja það verulegt tómlæti af stefnanda að hefjast ekki handa fyrr, úr því að hann taldi víst, að sér hefði ranglega verið vikið frá störfum án launa í uppsagnarfresti fyrir að hafa orðið ber að því að leynd tollskyldum varningi í skipi á vegum stefnda, eins og áður sagði, og valda því, að sýkna beri stefnda af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum er rétt, að hvor aðila um sig beri sinn kostnað af málinu. Páll Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Samskip hf., er sýkn af kröfum stefnanda, Valdimars Sveinssonar.

Málskostnaður er ekki dæmdur.

---